

hann hefði haft heimild til að láta skipverja fara úr skiprúminu við komuna til Seyðis- 16
fjarðar, þá er jeg yður samdóma um, að af því leiði, að Wathne skipstjóra hafi engin 24. jan.
skylda borið til að kosta flutning skipbrotsmanna til Noregs, að gjöldin við flutninginn
frá Eskifirði til Noregs komi honum þannig ekkert við og að hann eigi heimtingu á
að fá borgaðan þann hluta af flutningnum, sem hann eptir beiðni sýslumannsins hefur
annast. Sömuleiðis er jeg yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að af liðunum í
reikningi Wathnes er það einungis borgunin fyrir flutninginn frá Eskifirði til Leith,
sem hann hefur heimtingu á. Aftur á móti verð jeg að líta svo á, sem það sje á-
stæðulaust, að draga frá þessari borgun þau gjöld, sem við koma stýrimönnum.
Vitaskuld er það, að sýslumanni hefur orðið sú yfirsjón á, að senda á kostnað lands-
sjóðs til Noregs menn, sem hann hlaut að vita að eptir skipun laganna, sbr. opið brjef
27. maí 1859, áttu að vera heimilfastir á Íslandi og því mátti ætla að væru það, en
að láta afleiðingarnar af þessari yfirsjón koma niður á Wathne skipstjóra, verð jeg að
ætla að engin ástæða sje til, þar sem eins og hjer á stendur verður að ganga út frá
því, að hann hafi ekki á annan hátt verið við riðinn þennan heimflutning, sem að öðru
leyti var honum óviðkomandi, en þann, að hann samdi við sýslumanninn sem rjettan
málsaðila um flutninginn, án þess að honum hafi borið að skera úr, hvort, til hvaða
lands eða hve margra af hinum umræddu mönnum skyldi flytja brott. En um leið og
jeg, að því er framkomu Johnsens sýslumanns snertir, bið yður, herra landshöfðingi, að
tilkynna tjeðum embættismanni óánægju mína með það, að hann hafi látið þessa tvo
stýrimenn vera meðal þeirra, þer heim voru sendir, tel jeg það að öðru leyti sjálfsagt,
að hann hafi nákvæmlega rannsakað, hvort skipbrotsmenn gætu alls ekkert úti látið til
kostnaðarins við heimflutninginn, áður en þeir voru sendir heim á kostnað landssjóðs,
sjerstaklega hvort þeir, þar sem nú strandið varð undir lok sjóferðar, hafi ekki átt neitt
inni hjá útgjörðarmanni skipsins, sem hefði mátt nota til ferðakostnaðar.

Borgun sú, sem Watne skipstjóra samkvæmt þessu ber eptir samningnum
milli hans og Johnsens sýslumanns, að upphæð 1260 kr., skal jeg hjer með þjónustu-
samlega biðja yður, að hlutast þóknanlega til um, að honum verði greidd úr jarðabók-
arsjóði Íslands.

Þar sem þjer að endingu látið þá ætlun í ljósi, að fyrirframgreiðslur þær, sem
þessu samkvæmt þegar eru greiddar samkvæmt strauðlögum eða síðar verða greiddar
úr landssjóði, muni hin norsku yfirvöld, er hlut eiga að máli, endurgjalda, skal jeg geta
þess, að þessi ætlun er eigi á rökum byggð, þar sem svo er að skilja optnefndan
samning milli Danmerkur og Svíaríkis og Noregs 10. ágúst 1883, sem að sjálfsögðu er
einnig bindandi fyrir Ísland, að hin hjer um ræddu gjöld greiðist fyrir fullt og allt af
því ríki, er hlutaðeigandi skip hefur haft flagg þess, og er eigi heldur að vænta endur-
borgunar frá sjómönnum þeim, er hlut eiga að máli, nje frá framfærslusveitum þeirra.

Reikningurinn frá Wathne skipstjóra, sem var í fylgiskjölunum, endursendist
hjer með.

Auglýsing.

Þeim 6000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. c. 4. d. í fjárlögum fyrir 1888 og
1889 á að úthluta til sýslufjelaga fyrir árið 1889 til eflingarbúnaði, að hálfu eptir fólks-
fjólða, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjórðunda, hefur nú
verið skipt svo milli hinna einstöku sýslufjelaga sem eptirfylgjandi tafla sýnir :

17
25. febr.

	Sýslufjelög.	Lausafjár- hundruð haustið 1886	Fasteignar- hundruð ept- ir jarðabók 1861 og 1. ¹⁵ / ₉ '85.	Manntal ¹ / ₁₀ 1880	Upphæð Kr.
1.	Austur-Skaptafellssýsla.....	1159.7	1013.5	1275	100
2.	Vestur-Skaptafellssýsla.....	1766.3	2049.5	2229	180
3.	Rangárvallasýsla.....	3538.2	7082.9	5360	480
4.	Arnessýsla.....	4011.6	8606.8	6257	560
5.	Vestmannaeyjasýsla.....	94.8	389.5	557	30
6.	Kjósar- og Gullbringusýsla ..	1786.4	4821.5	5660	400
7.	Borgarfjarðarsýsla.....	1468.5	3747.4	2598	230
8.	Mýrasýsla.....	1669.9	3286.2	2328	210
9.	Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	1177.9	4261.7	3272	270
10.	Dalassýsla.....	1702.5	3692.6	2357	230
11.	Barðastrandarsýsla ..	1108.1	3877.2	2857	240
12.	Isafjarðarsýsla ..	1703.1	3768.7	5033	340
13.	Strandasýsla.....	953.3	1554.2	1861	140
14.	Húnavatnssýsla	4354.0	7209.4	5028	480
15.	Skagafjarðarsýsla.....	3603.0	7667.9	4599	460
16.	Eyjaafjarðarsýsla	3494.0	7901.0	4780	470
17.	Suður-Þingeyjarsýsla.....	2766.5	5191.6	3765	350
18.	Norður-Þingeyjarsýsla.....	1165.7	1840.8	1571	140
19.	Norður-Múlasýsla	4126.0	4159.0	3825	360
20.	Suður-Múlasýsla	3604.7	3866.0	3603	330
	Samtals	45254.2	85987.4	68815	6000

Um leið og jeg kunnngjóri þetta, skal jeg hjer með skora á sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, að senda sem fyrst *hlutaðeigandi amtmanni* áleiðis til landshöfðingja tillögur sínar um, hvernig verja skuli samkvæmt ákvæðum fjárlaganna upphæð þeirri, er hverju sýslufjelagi er ætluð, eptir því sem að framan er skráð, fyrir árið 1889. Þá er tillögurnar síðan hafa samþykktar verið af mjer, mun hverri upphæð verða ávísað til útborgunar úr jarðabókarsjóði.

Reykjavík, 25. febrúar 1889.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 32 kr. til viðhalds veginum yfir Svinahraun.

Veittar 9 kr. upp í kostnað við Öxnadalshéiðarveginum (kostnaður við skodunargjörð).

Veitt 31 kr. 50 a. til aðgerðar á aðalþóttveginum á Mýrdalssandi.

EMBÆTTISSKIPUN.

1. febr. veitti landshöfðingi cand. theol. *Olafi Petersen Svalbarðs* prestakall í Norður þingeyjar prófastsdæmi eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

HEIÐURSMERKI.

8. desember 1888 voru þeir *Olafur* umbodsmáður *Sigurðsson* í Ási í Skagafjarðarsýslu, *Magnús* bóndi *Magnússon* í Skaptárdal í Skaptafellssýslu, og *Magnús* hreppstjóri *Brynjúlfsson* á Dysjum í Gullbringusýslu af hans hátígn konunginum sæmdir heiðursmerki dannebrogsmanna.

ÓVEITT PRESTAKALL,

er veitt verður með þeim fyrirvara, að sá er það fær, verður að setta sig við rýrnun þá í tekjum þess, er leitt geti af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Sauðanes í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi (Sauðanessókn). Af þessu brauði greiðast 500 kr. í landssjóð. Á brauðinu hvílir lán upphaflega 4000 kr., veitt 1883, sem afborgast á 28 árum. Ekkja er í brauðinu. Brauðið er metið 2132 kr. 27 a. Auglýst 27. febrúar 1889. Brauðið liggur undir veitingu konungs.